

## 2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík þriðjudaginn 23. júní 2015 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Elías Pétursson, Haraldur Bóasson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

### Á fundi gerðist þetta:

#### 1. Samstarf Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna um gerð og framkvæmd sóknaráætlunar og rekstur uppbyggingarsjóðs.

Framkvæmdastjóri og formaður gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið að undanfögnu vegna gerðar sóknaráætlunar fyrir landshlutann og úthlutun styrkja úr uppbyggingarsjóði landshlutans. Hvort tveggja er á forræði Eyþings en atvinnuþróunarfélögin í landshlutanum eru samstarfsaðilar samtakanna, bæði um gerð sóknaráætlunar og umsjón með úthlutun fjármuna úr uppbyggingarsjóði sem tók við hlutverki vaxtarsamninga og menningarsamninga.

Í megin atriðum er um það að ræða að atvinnuþróunarfélögin hafa lagt til greiningarvinnu vegna gerðar sóknaráætlunar og tekið þátt í opnum fundum á svæðunum og vinnufundum vegna úrvinnslu áætlunarinnar. Vegna uppbyggingarsjóðs hefur vinnan falist í gerð verklagsreglna, hönnun umsóknareyðublaða, kynningarfunda, móttöku umsókna, úrvinnslu þeirra og vinnu með fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar við ákvörðun styrkveitinga. Félagin munu svo sjá um samskipti við styrkþega, gerð samninga og eftirfylgni verkefna en útgreiðslur styrkja verða á hendi Eyþings.

Allur útlagður kostnaður vegna ofangreindra verkefna er greiddur af Eyþingi en AP fær greitt sem nemur 10% af ráðstöfunarfé ársins til atvinnuþróunar og nýsköpunar á starfssvæðinu vegna vinnuframlags starfsmanna, eða 2,375 mkr.

Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningi milli aðila um málið en gert er ráð fyrir því að það verði gert á næstu vikum.

Stjórnin lýsir ánægju með það hvernig samstarf aðila í landshlutanum um þessi mikilvægu mál hefur þróast og felur framkvæmdastjóra umboð til nauðsynlegrar samningagerðar vegna þess, sem lagt verði fyrir stjórn til staðfestingar.

#### 2. Málefni Málmís ehf. – fundargerð hluthafafundar 10.06.2015

Fyrir fundinum liggur fundagerð hluthafafundar Málmís ehf. frá 10.06. sl. þar sem afgreidd var tillaga um hlutfjárukningu í félaginu um 1 mkr. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir forsendum hlutfjárukningarinnar og áformum félagsins, en dótturfélag þess, Melmi ehf. heldur á rannsóknar- og leitarleyfum vegna gullvinnslu í landinu. Til að tryggja gildistíma þeirra út árið 2016 þarf að hefja rannsóknarvinnu eigi síðar en 31. ágúst nk. og er hlutfjárukningin til að mæta kostnaði við það ásamt hefðbundnum rekstrarkostnaði félagsins.

Stjórnin samþykkir að AP taki þátt í hlutfjárukningunni sem nemur forkaupsréttarhlut félagsins kr. 350.000,-

### 3. MýSköpun ehf. – erindi vegna hlutafjárukningar

Fyrir fundinum liggja gögn frá MýSköpun ehf. vegna hlutafjárukningar sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins. Um er að ræða tvöföldun hlutafjár í kr. 20.530.000,- og hafa hluthafar forkaupsrétt að nýjum hlutum. Hlutur AP er 9,742% eða 1 mkr. Hlutafjárukningin er til að mæta kostnaði við tækjakaup í rannsóknarstofu félagsins.

Stjórnin samþykkir að AP nýti helming forkaupsréttar síns eða kr. 500.000,-

### 4. Starfaskipulag og verkaskipting starfsmanna

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum um breytingar á verkaskiptingu starfsmanna þannig að dagleg verkefni félagsins vegna samstarfsins við Eyþing um starfsemi uppbyggingarsjóðs færðust frá framkvæmdastjóra til Ara Páls Pálssonar.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu og felur framkvæmdastjóra fullt umboð til að skipuleggja verkaskiptingu starfsmanna þannig að það þjóni tilgangi félagsins og viðkomandi verkefnum sem best á hverjum tíma.

### 5. Gagnavarsla og bókhaldsmál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skoðun sem hafin er vegna gagnavörslumála – svokallaðar skýjalausnir – sem tækju við af núverandi kerfisleigu. Í tengslum við það verða einnig skoðaðir þeir valkostir sem fyrir hendi verða varðandi bókhaldsmál, en verið er að færa nokkra aðskilda efnahags- og rekstrarreikninga á vegum félagsins vegna þeirra samatarfsverkefna sem það hefur umsjón með.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra áframhaldandi skoðun á þessum málum og að niðurstöður verði teknar til afgreiðslu hennar þegar þær liggja fyrir.

### 6. Önnur mál

- Spurt var um það hvort niðurstaða lægi fyrir vegna umsóknar um aðild Kópakers að verkefninu Brothættar byggðir. Umsóknin hefur ekki verið afgreidd hjá Bygðastofnun en upplýsingar liggja þó fyrir um að það verði gert síðar í þessum mánuði.
- Rætt um starfið á Raufarhöfn og lýsti stjórn áhuga á því að fá sérstaka kynningu á því, t.d. á næsta fundi stjórnar sem yrði þá haldinn á Raufarhöfn.
- Framkvæmdastjóra falið að gera drög að fundarplani fyrir starfsárið, bæði tíma- og staðsetningar.
- Elías Pétursson ræddi um nauðsyn þess að félagið væri almennt sýnilegra á austursvæðinu og taldi nauðsynlegt að ráðast í innviðagreiningu á svæðinu til undirbúnings því að takast til dæmis á við aukna tæknivæðingu sjávarútvegsins og tilheyrandi breytingu og tilfærslu starfa sem af þeirri þróun leiddi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15